



LÝÐHEILSA

Orkudrykkir

Verkefni fyrir 12-15 ára

Í þessu verkefni vinna nemendur með upplýsingar um orkudrykki og áhrif þeirra á ungt fólk. Nemendur horfa á fjögur stutt myndbönd sem fjalla um hvaða áhrif orkudrykkir geta haft á ungmenni, bæði líkamlega og andlega.

Eftir áhorf velja nemendur eitt myndband og skrifa blaðagrein sem fjallar um helstu atriði myndbandsins og einnig umhverfisáhrif áldósa.



Markmið

- Að nemendur beiti gagnrýnni hugsun um neyslu orkudrykkja og áhrif þeirra á heilsu ungs fólks.
- Að nemendur geti unnið úr upplýsingum úr myndefni og sett þær fram á skipulegan og áhugaverðan hátt.
- Þjálfra færni í ritun blaðagreina (fréttastíl eða greinargerðastíl).
- Auka meðvitund nemenda um umhverfisáhrif áldósa



Efni og áhöld

Myndbönd af vef heilsuveru, ritvinnsluforrit t.d. eða hönnunarforrit eins og Canva. Hægt að aðlagja verkefnið þannig að því skilað sem veggspjaldi en ekki blaðagrein



Framkvæmd

Nemendum er skipt í 2-3 manna hópa

Nemendur horfa á fimm stutt myndbönd sem fjalla um hvaða áhrif orkudrykkir geta haft á ungmenni – bæði líkamlega og andlega.

Eftir áhorf velja nemendur eitt myndband sem þeir vilja vinna frekar með og skrifa blaðagrein (150-250 orð) út frá innihaldi þess. Greinin á að fjalla um:

- Helstu atriði myndbandsins
- Setja fram eigin sýn eða viðbrögð við efninu
- Stuttan kafla (20-30 orð) um umhverfisáhrif áldósa, t.d. orkunotkun við framleiðslu eða mikilvægi endurvinnslu með tilliti til loftslagsbreytinga.